

Almennar upplýsingar við greiningu

Við greiningu

Ef þú fórst í vefjasýnatöku og fékkst að vita að þú værir með krabbamein í blöðruhálskirtli, þá viltu fá upplýsingar um þína umönnunaráætlun. Þetta er greining sem getur valdið blendum tilfinningum og þessar tilfinningar geta stundum gert það erfitt að ákveða hvað eigi að gera næst.

Samráð við þinn lækni

Það er gagnlegt að ræða við sína lækna um mögulegar meðferðir áður en ákvörðun er tekin. Jafnvel þó þú hafir rannsakað þetta mikið á eigin spýtur, getur spjall við lækni þinn hjálpað þér að greina það sem þú ert að hugsa. Sumir læknar geta vísað þér á upplýsingar á netinu eða gefið þér leiðbeiningar um aðstoð við þessa ákvörðun. Maki þinn getur hjálpað þér við að hlusta, spyrja spurninga og skrifa niður athugasemdir og það getur hjálpað þér við að taka ákvarðanir.

Val um meðferðir

Ef þú ert með staðbundið krabbamein í blöðruhálskirtli (það hefur ekki breiðst út fyrir blöðruhálskirtlinn) gætir þú haft nokkrar valkosti varðandi meðferðir. Þér ætti að hafa verið vísað til sérfræðings til að fá upplýsingar um þetta. Gott er að ræða þetta við þvagfæralækni til að byrja með. Það sérhæfa sig ekki allir þvagfæralæknar í meðhöndlun á blöðruhálskirtils krabbameini, þannig að þú þarft að spyrja um sérþekkingu þeirra. Óskaðu eftir áliti hjá öðrum lækni til að vita meira um þann lækni sem þú vilt vinna með.

Þú færð líklega mikið af upplýsingum og munt hafa fullt af spurningum. Hugleiddu spurningar sem taldar eru upp í þessum bæklingi og notaðu þær til að leiðbeina þér í þínu samtali við þinn lækni og til að byggja upp þitt sjálfstraust um hvað á að gera næst:

Félag karlmannna með krabbamein
í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Um Framför og fyrirvarar um notkun á upplýsingum

Um Framför

Framför er sjálfstætt krabbameinsfélag karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda. Félagið veitir upplýsingar, fræðslu og stuðning ásamt því að vera hagsmunaaðili fyrir sína félagsmenn. Upplýsingar eru settar fram í samstarfi við fagfólk og eru yfirfarnar af fagaðilum. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsins www.framfor.is.

Fyrirvari varðandi upplýsingar

Upplýsingar í þessum bæklingi eru ekki ætlaðar til sjálfsgreiningar eða koma í staðinn fyrir faglega læknisráðgjöf. Þær eru ekki hugsaðar til að nota þannig eða til að reiða sig á í þeim tilgangi. Vinsamlegast talaðu við þvagfæralækni eða heilbrigðisstarfsmann um þínar áhyggjur af heilsu varðandi krabbamein í blöðruhálskirtli. Hafðu alltaf samband við heilbrigðisstarfsmann áður en þú byrjar eða hættir í meðferð, þ.m.t. lyfjanotkun.



Félag karlmannna með krabbamein
í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

 | **Framför**

Spurningar fyrir þinn lækni
við greiningu á krabbameini
í blöðruhálskirtli.

Meiri upplýsingar á www.framfor.is

Félag karlmannna með krabbamein
í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Spurningar til að spyrja varðandi þína krabbameinsgreiningu:



Spurningar um þína greiningu:

- Geturðu útskýrt hvers konar krabbamein í blöðruhálskirtli ég er með og hversu árásargjarn það er?
- Geturðu útskýrt hvað PSA og Gleason tölurnar mínar þýða?
- Lítur út fyrir að krabbameinið sé bara inni í blöðruhálskirtlinum eða hefur það dreifst út fyrir blöðruhálskirtlinn?
- Þarf ég aðrar greiningar til að hjálpa mér að ákveða hvaða meðferð sem ég þarf?

PSA:

Gleason:

Þéttleiki:

Félag karlanna með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Spurningar til að spyrja varðandi meðferðina þína:



Spurningar um þína meðferð:

- Geturðu útskýrt meðferðarúrræðin mín?
- Hverjir eru kostir og gallar í hverri meðferð?
- Getur þú útskýrt aukaverkanir í hverri meðferð og hvort þær minnki með tímanum?
- Hvaða áhrif mun hver meðferð hafa varðandi lækningu, tíma frá vinnu, umönnun heima fyrir og langvarandi aukaverkanir?
- Hvar fæ ég aðstoð við að hugsa um mína valkostirni og taka ákvörðun?
- Ef „plan A“ gengur ekki, hver eru þá næstu skref hjá mér?

Aðrir sérfræðingar og annað álit:

- Það er alveg eðlilegt að vilja aðra skoðun. Þú getur beðið lækni þinn um að leggja til sérfræðing: helst þvagfæralækni með reynslu af meðferðum við krabbameini í blöðruhálskirtli.
- Ef þér líður ekki vel með að spyrja þinn lækni getum við hjá Framför aðstoðað þig í þessu.
- Ef geislameðferð er valkostur fyrir þína meðferð gæti þig langað að ræða við geislalækna.
- Ef krabbameinið þitt hefur breiðst út til annarra hluta líkamans, gætir þú þurft að ræða við krabbameinslækni.
- Læknirinn þinn getur hjálpað þér að finna sérfræðinga. Visaðu í spurningar hér að ofan þegar leitað er til þeirra.

Félag karlanna með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Ráðgjöf og stuðningur við greiningu á krabbameini



Ráðgjöf hjá Framför

Framför býður upp á viðtöl eftir greiningu þar sem þú getur spjallað um þína stöðu og fengið nánari upplýsingar um hvaða skref best sé að taka í stöðunni. Á vefsíðunni www.framfor.is eru greinargóðar upplýsingar fyrir þá sem eru nýbúnir að greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli og einnig sérhæfðar upplýsingar fyrir maka og aðstandendur.

Jafningjastuðningur

Framför í samstarfi við Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélagsins er með jafningjastuðning þar sem þú getur rætt við aðila sem hafa gengið í gegnum það sama og fengið að heyra þeirra viðbrögð við greiningu. Hægt er að óska eftir jafningjastuðningi hjá sálfræðingi í síma 800 4040.

Sálfræðiráðgjöf

Sálfræðingur Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélagsins er með fastan viðverutíma að Skógarhlíð 8 alla virka daga frá kl. 9:00 til 16:00. Hægt er að fá tíma hjá sálfræðingi í síma 800 4040. Viðtöl hjá sálfræðingi eru þér, maka og aðstandendum að kostnaðarlausu.

Félag karlanna með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is